

MINNISBLAÐ

Til : Sjávarútvegs- og landbúnaðarnefndar

Frá : Sjávarútvegs- og landbúnaðaráðuneyti

Dagsett: 23. október 2009

Efni : Um núverandi fyrirkomulag einkarekinna skoðunarstofa vegna matvælaeftirlits í sjávarútvegi og ákvæði reglugerðar EB nr. 882/2004

A.

Núverandi fyrirkomulag matvælaeftirlits í sjávarútvegi byggir á 16. og 17. gr. sbr. 14. gr. laga nr. 55 frá 1998, en þar er einkareknum skoðunarstofum falið eftirlitshlutverk.

Samkvæmt 16. gr. er :

- Sjávarútvegsfyrirtækjum skylt að hafa samning við einkarekna skoðunarstofu
- Gerður er samningur á milli skoðunarstofu og sjávarútvegsfyrirtækis, meðal annars um endurgjald fyrir eftirlitið.
- Samningurinn er uppsegjanlegur með gagnkvæmum uppsagnarfresti

B.

Í reglugerð EB nr. 882/2004 eru eftirfarandi ákvæði sem stangast á við ofangreint fyrirkomulag. Þessi gerð verður innleidd orðrétt í íslenskan rétt :

A. 1. töluliður 5. gr. reglugerðar nr. 882/2004 - “Úthlutun sérverkefna sem tengjast opinberu eftirliti”

Í 5. gr. Lögbært yfirvald¹ getur úthlutað sérverkefnum, sem tengjast opinberu eftirliti, til eins eða fleiri eftirlitsaðila í samræmi við 2. til 4. mgr.

¹ „Lögbært yfirvald“: stjórnvald aðildarríkis, sem er til þess bært að skipuleggja opinbert eftirlit, eða hvert annað það yfirvald sem hefur verið fengið heimildir til þess verkefnis. Skilgreiningin skal, eftir því sem við á, einnig taka til samsvarandi yfirvalds í þriðja landi,

Athugasemd : Matvælastofnun eða heilbrigðisnefndum sveitarfélaga er skv. ákvæðinu heimilt að úthluta verkefnum en ekki skylt. Gerður er samningur milli opinbers eftirlitsaðila og faggilts eftirlitsaðila en ekki samningur milli eftirlitsþola og faggilts eftirlitsaðila (skoðunarstofu)

B. 2. töluliður 5. gr. reglugerðar nr. 882/2004

Samkvæt 2. töluliður 5. gr. reglugerðar nr. 882/2004 má ögbært yfirvald aðeins úthluta sérverkefnum til tiltekins eftirlitsaðila ef: b) sannað hefur verið að eftirlitsaðilinn (*there is proof that the control body:)iii*) sé óhlutdrægur og engir hagsmunaárekstrar eigi sér stað að því er varðar framkvæmd þeirra verkefna sem honum hefur verið *úthlutað (is impartial and free from any conflict of interest as regards the exercise of the tasks delegated to it)*

Athugasemd : Beint samningssamband er á milli eftirlitsþola og skoðunarstofu, þar sem meðal annars er samið um eftirlitsgjöld. Eftirlitsþoli greiðir laun eftirlitsaðilans og getur sagt upp samningi við skoðunarstofu ef óánægja ríkir með eftirlitið eða eftirlitsgjöld. Það þarf að sanna að þetta fyrirkomulag feli ekki í sér hagsmunaárekstur og að eftirlitsaðili sé ekki hlutdrægur. Hvernig er hægt að sanna þetta ?

C. 27. gr. reglugerðar EB nr. 882/2004

Í 27. gr. reglugerðar EB nr. 882/2004 er fjallað um eftirlitsgjöld. Meginreglan er sú að gjöld skulu ekki vera hærri en sem nemur kostnaði lögbærs yfirvalds. Við útreikning gjalda ber að taka tillit til launa starfsfólks við eftirlit, ýmis kostnaðar við eftirlit og rannsóknarkostnaðar skv. VI. viðauka reglugerðarinnar. Tiltekin lágmarksgjöld eru sett. Um sjávarafurðir sjá V. kafla IV. viðauka. Skv. 27. gr. reglugerðarinnar eru það aðildarlöndin sem ákveða gjöldin. Aðildarlöndum ber að tilkynna gjaldskrá til ESA (framkvæmdastjórnarinnar) sem athugar hvort rétt sé reiknað.skv. ákvæðinu.

Athugasemd : Eftirlitsgjöld ber að gefa út í gjaldskrá sem ráðherra setur. Eftirlitsgjöld eru ekki umsemjanleg milli eftirlitsaðila og eftirlitsþola eins og nú er. Gjöldin reiknast eftir tilteknum reglum sem kveðið er á um í 27. gr. Lágmarksgjöld eru ákveðin í reglugerð EB nr. 882/2004. Ekki getur verið um að ræða verðtilboð eins og nú er tíðkað.

D. Tilkynningarskylda

Rétt er að vekja athygli á því að skv. síðustu málsgrein 5. gr. reglugerðar EB nr. 882/2004 skal sérhvert aðildarríki sem óskar að úthluta sérstöku eftirlitsverkefni til tiltekins eftirlitsaðila tilkynna framkvæmdastjórninni það. Í þessari tilkynningu skal vera ítarleg lýsing á:

- a) lögbæra yfirvaldinu sem úthlutar verkefninu,
- b) verkefninu sem er úthlutað og
- c) eftirlitsaðilanum sem er úthlutað verkefninu.